

Því dæmist rjett að vera:

Hin framan nefndu ákærðu orð eiga að vera dauð og marklaus. Málskostnað fyrir báðum rjettum lúki áfrýjandinn, alþingismaður Jón Ólafsson, hinum stefnda, Indriða endurskoðara Einarssyni, með 25 krónum; svo greiði hann og fyrir ósæmilegan rithátt 10 krónur til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og 10 krónur til landssjóðs (dómsmálasjóðs), allt innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þess undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. októbermán.

Nr. 31/1883

Umboðssjóður Gullbringu
og Kjósarsýslu
gegn

Þorsteini Jónssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 23. júní þ. á. af bæjarfógeta E. Th. Jónassen sem setudómara með tilkvöddum meðdómsmönnum, var hinn stefndi, Þorsteinn Jónsson, dæmdur sýkn af kærum og kröfum umboðsmannsins yfir þjóðjörðum Kjósar og Gullbringusýslu, en honum dæmdur málskostnaður frá áfrýjanda með 12 krónum.

Þessum dómi er að tilhlutun landshöfðingjans yfir Íslandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 15. ágúst þ. á., og hefur af hendi áfrýjanda

verið krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að sleppa við umboðsmanninn yfir þjóðjörðum Kjósar og Gullbringusýslu og undir hans umráð svo sem eign landssjóðs þeim hluta Vilborgarkots, er því var útmældur úr landi þjóðjarðarinnar Hólms hinn 7. septbr. 1863, og telst 4 hdr. að nýju mati, svo og til að borga málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir yfirdómsins mati. — Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur og hann dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum áfrýjanda, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Tildirög þessa máls eru þau, að um vorið 1863 beiddi Jón Bjarnason nokkur amtmanninn í suður-umdæminu um leyfi að mega stofna nýbylí á eyðijörðinni Vilborgarkoti í Mosfellssveit. Amtmaðurinn bauð þá sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu, þar sem nefnd eyðijörð lá, að gjöra áreið á staðinn til upplýsingar um takmörkin milli Vilborgarkotslands og næstu jarða, Hólms, Helliskots og Miðdals. Þessa áreiðagjörð framkvæmdi og sýslumaður 21. júlí sama ár, en þar voru að eins við staddir, fyrir utan sýslumanninn, eigendur Helliskots og Miðdals, ábúandinn á Hólmi og hreppstjórinn í Mosfellssveit. En nefndur Jón Bjarnason var þar eigi við staddir, virðist hann og eigi hafa verið þar til kvaddur. Það, sem nefndir menn sögðu um landamerki Vilborgarkots, virðist mjög ógreinilegt, er meðfram kann að koma til því, að áreiðargjörðin öll er bókuð á dönsku máli, er þeir varla munu hafa skilið; eptir því, sem þar segir,

eiga þeir og að hafa sagt, að Vilborgarkotsland hefði í ómunatíð verið notað frá Hólmi og Helliskoti til slagna og mótaks; það mundi rýra Hólmsland, ef þar yrði aptur sett byggð, en þó mundi við hið nýja jarðamat eigi hafa verið haft tillit til þessara afnota af Vilborgarkotslandi, er Hólmur var metinn til dýrleika. Amtmaður skipaði nú sýslumanni að gjöra nýja áreið á landið, því Jón Bjarnason væri farinn að yrkja það og byggja þar bæ, en auðsjeð væri, að Vilborgarkot yrði að vera afbýli en ekki nýbýli; eptir tilskipun 15. apríl 1776 væri slík áreiðargjörð nauðsynleg bæði til að ákveða afgjaldið, og land það er þessu koti ætti að fylgja. Sýslumaður gjörði þá aptur áreið á landið með 4 tilkvöddum mönnum til að mæla út land handa Jóni Bjarnasyni úr Vilborgarkotslandi, og mætti þar opt nefndur Jón Bjarnason og eins eigandi Helliskots. Mennirnir úthlutuðu nú landi til handa Jóni með ummerkjum, og möttu það 8 hdr. að dýrleika, 4 hdr. frá Hólmi og 4 hdr. frá Helliskoti, og landskuld 2 vættir, aðra til Hólms, en hina til Helliskots.

Sýslumaðurinn, sem og var umboðsmaður kongsjarðanna í Kjósar- og Gullbringusýslu — en ein af þeim jörðum er Hólmur — áskildi sjer rjett til að gefa út byggingarbrjef handa Jóni að því helming hins útmælda lands snerti; en Jón Bjarnason kvaðst álíta, að sjer bæri rjettur til þess að heimta sjer landið útmælt með nýbýlisrjetti samkvæmt tilskipun 15. apríl 1776, og mótmælti, að Hólmur hefði torfristu í landi því, er sjer væri útvísað, en það hafði sýslumaðurinn áskilið. Amtið bar nú málið

undir dómsmálastjórnarherrann, og skýrði frá, að Jón Bjarnason hefði krafizt sjer landið útlagt sem nýbýli til óðals og eignar, en hann álitir, að það ætti að skoðast sem afbýli frá Hólmi og Helliskoti, og á þessa skoðun amtmanns fjellst dómsmálaráðherrann. Jón Bjarnason skeytti samt þessu ekki neitt, byggði á sinn eiginn kostnað bæ á landinu og borgaði ekkert eptir; leið svo og beið unz umboðsmaður kongsjarðanna í Kjósar og Gullbringusýslu 1872 höfðaði mál gegn Jóni Bjarnasyni, sem, með því Jón andaðist meðan á málinu stóð, var haldið áfram gegn ekkju hans til lúkningar á landskuld af kotinu að helmingi. En það mál lyktaði þannig, að ábúandi Vilborgarkots var dæmdur sýkn af kærnum og kröfum umboðssjóðs í þessu máli.

Nú er í þessu máli, eins og áður sagt, krafizt af áfrýjanda, að umráðamaður Vilborgarkots sleppi helmingi landsins við umboðssjóðinn.

Það er nú að visu svo, að Jón Bjarnason ekki mun hafa fengið slíka útvisun á landinu, sem tilskipun 15. apríl 1776 ræðir um, og að því engin sönnun er fram komin fyrir eignarrjetti hans eða eptirkomenda hans til Vilborgarkots eins og það var útmælt 7. septbr. 1863, en hinsvegar virðist það viðurkennt í áður nefndum amtsbrjefum, að Vilborgarkot hafi verið eyðijörð fyrir 1863 með sjerstakri landareign, og í áreiðargjörðinni 21. júlí 1863 er þess getið, að til sjeu landamerki fyrir Vilborgarkoti gagnvart Helliskoti og Miðdal og að nokkru leyti gagnvart Hólmi. Að visu má álíta sannað, að nokkur hluti af landi því, er Vilborgarkoti var útmælt 7. septbr. 1863, hafi um langan

tíma verið notaður frá Hólmi, en það er ekki sann-
að, að hann hafi verið notaður sem Hólms eign,
heldur virðist liggja nær, að hann hafi verið not-
aður þaðan sem almenningur af því að Vilborgar-
kotið var í eyði, sbr. tilskip. 15. apríl 1776, 2. og
5. gr. Það er þannig engin sönnun fram komin
fyrir því, að Hólmur eigi eignartilkall til nokkurs
hluta af landi því, sem Vilborgarkoti var útmælt
7. septbr. 1863, og því síður fyrir því, hver eða
hve mikill hluti af þessu landi það sje, sem Hól-
mur getur gjört eignartilkall til, enda hefur áfrýj-
andinn ekki í rjettarkröfum sínum tilgreint með
landamerkjum, hver hluti úr hinu nú verandi Vil-
borgarkotslandi það sje, sem hann heimti sjer dæmd-
an, heldur að eins, að landssjóðnum verði dæmd
þau 4 hdr. úr Vilborgarkotslandi, sem því hafi verið
útmælt úr Hólmslandi 7. septbr. 1863. En við það
er athugandi, að menn þeir, sem gjörðu útmælingu
þessa, að eins höfðu umboð til að ákveða takmörk-
in fyrir landi því, sem skyldi fylgja Vilborgarkoti,
en alls ekki til að ákveða neitt um, hvort Hólmur
ætti nokkuð eða hve mikið af landi því, sem þeir
mældu út handa Vilborgarkoti. Útmælingin 7. septbr.
1863 sannar þannig ekkert um, hvort nokkuð, eða
hve mikið land hafi verið útmælt handa Vil-
borgarkoti úr Hólmslandi, og rjettarkrafa áfrýj-
ans er því svo óákveðin, að þó að Hólmur álitist
að eiga einhvern hluta af hinu núverandi Vilborg-
arkotslandi, þá yrði áfrýjandanum þó ekki dæmt
það, sem hann fer fram á undir þessu máli.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að
því aðalefni málsins snertir. Málskostnað fyrir báðum

rjettum virðist áfrýjandi eiga að greiða hinum stefnda, og þykir hann hæfilega metinn 25 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, umboðsmaður þjóðjarða í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir hönd umboðssjóðsins greiði hinum stefnda, Þorsteini Jónssyni, málskostnað fyrir báðum rjettum með 25 krónum innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Mánudaginn 19. nóvbrmán.

Nr. 39/1883.

Hið opinbera

gegn

skipstjóra Th. J. Skylv.

Dómur:

Með því að álíta verður nauðsynlegt, að þeim, sem kærður er í opinberu lögreglu máli, þar sem engin stefna er úttekin og birt honum, sje, áður en málið er tekið upp til dóms, gefið til vitundar, að dómur muni ganga í málinu, og að dómurinn um leið skori á hann, að koma fram með allt það, er honum geti verið til málbóta, sbr. einnig tilskipun 24. janúar 1888, 10. gr., en það ekki verður sjeð af rjettargjörðunum í máli því, sem hjer liggur fyrir, að þessa hafi verið gætt, ber að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og að vísa málinu heim í hjerað til nýrrar og löglegri meðferðar.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur sýslumannsins í Suður-